

Skipulagsfulltrúi Dalabyggðar
Hlynur T. Torfason
Dalabyggð

Reykjavík, 12. júlí 2023
UST202306-052/A.B.
10.04.03

Efni: Tillaga - Deiliskipulag - Áarland í Dalabyggð

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Dalabyggðar er barst 6. júní sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að heildarendurskoðun á deiliskipulagi fyrir Áarland í Dalabyggð.

Í greinargerð kemur fram deiliskipulagið nær til frístundabyggðar F30, opins svæðis O5 og landbúnaðarlands. Svæðið er byggt að hluta. Á frístundalóðunum sem eru tólf, er heildar byggingamagn allt að 150 m². Á landbúnaðarlandinu er heimilt að byggja níu ferðabjónustuhús sem geta verið allt að 40 m², auk þess eru skilgreindir fjórir byggingareitir fyrir landbúnaðarhús og veiðihús. Á opnu svæði (O5) eru skilgreindir þrjár byggingareitir þar sem leyfilegt heildar byggingamagn er 300 m², 200 m² og 40 m².

Grannsvæði vatnsverndar

Umhverfisstofnun vill benda á að deiliskipulagssvæðið nær til grannsvæðis vatnsverndar¹ og vill stofnunin vekja athygli á að það eru nokkuð strangar kröfur um uppbyggingu á slíkum svæðum.

Í 13. gr. reglugerðar nr. 796/1999, sbr. breytingarreglugerð nr. 533/2001², um varnir gegn mengun vatns, er mælt fyrir um takmarkanir á landnýtingu.

Samkvæmt framangreindu ákvæði er óheimilt að vera með framkvæmdir og sumarbústaði á hluta svæðisins, en í 13. segir: „*Ekki skal leyfa nýjar byggingar, sumarbústaði eða þess háttar á svæðinu. Vegalagnir, áburðarnotkun og önnur starfsemi innan svæðisins skal vera undir ströngu eftirliti.*“

Því ætti ekki leyfa byggingar, sumarbústaði eða sambærilegar byggingar á því svæði sem nær til grannsvæði vatnsverndar.

Sveitarfélagið ætti því að endurskoða fyrirhugaða landnotkun á þessu svæði með tilliti til reglugerðarinnar.

¹ <https://map.is/os/>

² <https://www.reglugerd.is/reglugerdir/eftir-raduneytum/umhverfisraduneyti/nr/4495>

Virðingarfyllst,

Axel Benediktsson

sérfræðingur

Rakel Sæmundsdóttir

sérfræðingur